



Annar fundur landsstjórnar DKG haldinn að Sóltúni 12 Reykjavík föstudaginn 18. ágúst klukkan 11:00

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir, forseti, Málfríður Þórarinsdóttir 2.varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari, Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir gjaldkeri, Guðrún Edda Bernsdóttir fráfarandi forseti og Björg Eiríksdóttir nýr gjaldkeri. Steingerður Kristjánsdóttir 1.varaforseti komst ekki á fund.

1. *Nefndarskipan*: Farið yfir nefndir og hverjar eru búnar að samþykkja að sitja í nefnd. Vel hefur gengið að fá konur til þess að taka þátt. Vantar að ræða við nokkrar til að fylla í allar nefndir, en allt á góðri leið.
2. *Undirbúningur fundar framkvæmdaráðs*: Forseti fór yfir lög um framkvæmdarráðið, hlutverk þess og starfssvið. Fundurinn verður haldin 2. september að Centrum Hotel Plaza, sama stað og á síðasta ári. Farið yfir skipulag fundarins. Fundur hefst klukkan 10:30 en salur opnar um 10:00. Formenn boðaðir á fundinn. Orð til umhugsunar, Etadeild sér um það. Fjárhagsáætlun, Framkvæmdaráðsstefna. Kynna dkg.org síðuna og mun Guðrún Edda Bentsdóttir og Kristín Helgadóttir sjá um það. Marmkið samtakana lesu-inn upp og mun Vilborg Ása Bjarnadóttir sjá um það. Hugmynd að fyrirlesturinn Tulip in the snow verði á Teams og tekin upp. Þannig gætu formenn sýnt hann á fundum hjá sér eða DKG konur gætu fengið aðgang að honum.
3. *Framkvæmdaráætlun*: Hugmynd að gera könnun á meðal félagskvenna. Mikilvægt að skoða reglulega hug félagskvenna, hvað getum við gert betur?, hvað er gott? Rætt var um að gera athugun á fundi framkvæmdarráðs og fá hugmyndir hjá formönnum deilda um hvað skuli vera spurt um í könnun. Mikilvægt að gera samtökin sýnilegri í samfélaginu. Umræður um hvað sé best að gera til að laða konur að. Að starfið verði áhugavert. Öflugt starf, stuðningur milli deilda. Hugmynd um að auðurinn í DKG félaginu nýtist til eflingar í menntamálum. Hugmynd að ræða um vörfund og hvort það eigi að halda slíkan fund eða sleppa. Lítil þátttaka hefur verið á hann.
4. *Önnur mál*:
Afmæli DKG á Íslandi: Félagið var stofnað árið 1975. Hugmyndað gera eitthvað í tilefni tímamótanna. Skipuleggja afmælisnefnd. Rætt á fundi síðar í vetur.

Erindi vegna kvennafrídags: Hugmynd er að hafa kvennaverkfall þann 24. október. Þemað er kynbundið ofbeldi og vanmat á kvennastörf. Hugmynd hvort við eigum að senda fulltrúa í undirbúningsnefnd. Forseti athugar hvernig þetta hefur verið áður.

Beiðni um styrk: Epsilon systur halda málþing á FSU þann 26. október. Verða þær með 3 fyrirlesara meðal annars um læsi. Málþing er í boði fyrir starfsfólk leik- grunn – og framhaldsskóla ásamt öðrum sem tengjast menntamálum s.s. starfsfólk skólaskrifstofum. Þær óska eftir styrk frá landssambandinu.

Allir mjög jákvæðir fyrir þessu. Umræður um það fordæmi sem þetta er og hvernig hugsa á þetta í sambandi við framhaldið og aðrar deildir sem hugsanlega gætu einnig sótt um slíkan styrk.

Rætt um gjaldkeraskipti en Björg Eiríksóttir hefur boðið kost á sér sem gjaldkeri.

Fleira ekki tekið fyrir, forseti þakkar fyrir fundinn og slítur honum klukkan 13:15.

Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari.